



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Langanesbyggð, 28. maí 2025

**Efni:** Umsögn Langanesbyggðar um Kerfisáætlun 2025-2034.

Á 39. fundi byggðarráðs Langanesbyggðar sem haldinn var þann 28. maí 2025 var umsagnarbeiðni um Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2025-2034 tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

*Í Kerfisáætlun Landsnets er fjallað um þau verkefni sem áformuð eru á árabílinu 2025-2034. Í meðfylgjandi langtímaáætlun er farið nánar yfir sviðsmyndir og verkefni, m.a. yfirstandandi greiningarvinnu Landsnets og Rarik sem snýr að framtíð raforkuflutnings- og dreifingar á Norðausturlandi.*

*Byggðarráð Langanesbyggðar telur brýnt að þeirri vinnu verði lokið hið fyrsta, þannig að hægt sé að færa aðkallandi verkefni inn á áætlun Landsnets, í takt við niðurstöður og til samræmis við stefnu stjórnvalda. Staða raforkumála á þessu landshorni er grafalvarleg og úr því verður að bæta.*

*Opinber stefna stjórnvalda (um uppbyggingu flutningskerfis raforku) kveður á um að jafnræðis sé gætt milli landsvæða þegar kemur að afhendingaröryggi raforku. Þá eigi að horfa til þeirra svæða sem eru lakar sett en önnur, að því er raforkumál varðar. Einnig er lögð áhersla á að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna. Að endingu kveður stefna stjórnvalda á um að allir afhendingarstaðir Landsnets verði tvítengdir fyrir 2040.*

*Líkt og fram kemur í drögum að kerfisáætlun þá á enn eftir að tvítengja Kópasker og Vopnafjörð og er fyrirkomulag þess eitt af því sem er til skoðunar í fyrrnefndri greiningu Landsnets og Rarik. Í langtímaáætlun eru þessar tvítengingar kynntar sem „fyriséðar þarfir til lengri tíma“ og sömuleiðis að Þórshöfn gæti þá orðið nýr afhendingarstaður í kerfinu, út frá sömu forsendum.*

## Sveitarfélagið Langesbyggð



*Byggðarráð telur afar brýnt að þessi verkefni rati strax inn á tímasetta áætlun, og í kjölfarið inn á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Þá sé brýnt að flýta framkvæmdum eins og frekast er kostur, enda er aukin flutningsgeta raforku nauðsynleg forsenda annarrar uppbyggingar á svæðinu. Ekki sé hægt að tryggja á annan hátt: Samkeppnishæfni svæðisins; orkuskipti og rafvæðingu fiskiðnaðar; sjálfbærar forsendur fyrir sókn nýrra atvinnuvega; og afhendingaröryggi á Norðausturhorninu.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Langesbyggðar,

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri